



VINNUREGLUR

Heiðursmerkjanefndar

Heiðursmerki ÍHÍ

Heiðursmerki ÍHÍ skal veita þeim einstaklingum sem leikið með eða starfað með landsliðum Íslands eða hafa starfað að framgangi íshökkí hreyfingarinnar á Íslandi. Horfa verður á störf viðkomandi til einhvers tíma en ekki til stakra afreka eða stakra viðburða á vegum ÍHÍ.

Listi yfir heiðursmerkjahafa verður birtur á heimasíðu ÍHÍ

Sem dæmi

- Störf í kringum landslið Íslands, liðsstjórar, tækjastjórar eða annað starfsfólk en þjálfarar eða leikmenn.
- Þjálfarar, fullorðinna og/eða barna, sem hafa tekið virkan þátt í framþróun þjálfunar í íshökkí á Íslandi
- Dómarar
- Leikmenn sem hafa spilað 50 eða fleiri leiki með landsliðum Íslands

Heiðursstúka ÍHÍ

Í Heiðursstúku ÍHÍ sitja þeir einstaklingar sem hafa náð einstökum árangri í íshökkí til einhvers tíma eða hafa stuðlað að framgangi íshökkíhreyfingarinnar með einstökum hætti. Þessir einstaklingar geta verið lífs eða liðnir.

Heiðursstúka ÍHÍ verður gerð sýnileg á heimasíðu ÍHÍ.

Sem dæmi

- Einstaklingar sem hafa með sínum verkum eða störfum stuðlað að framgangi íshökkíhreyfingarinnar til lengri tíma litið.
- Einstaklingar sem hafa náð einstökum árangri í íshökkí, hvort sem er með landsliðum eða með sínum félagsliðum.
- Einstaklingar sem hafa spilað 100 leiki eða fleiri með landsliðum Íslands